

Lögleiðing kvenfrelsunarmorða

Harriet Ruth Harman (f. 1950) er lögmaður, sem hefur setið á breska þinginu um þriggja áratuga skeið fyrir Verkamannaflokkinn. Svo þaulsetin hefur hún verið, að hún hefur fengið viðurnefnið „þingmóðir.“ Hún hefur gengt ýmsum ábyrðarstörfum á löggjafarsamkundunni og í stjórn málum. M.a. var hún kvenna- og jafnréttisráðherra og íhlaupaforsætisráðherra fyrir George Brown (sem gerði íslensku þjóðina að hryðjuverkamönnum).

Eins og vænta má, hefur Harriet Ruth beitt sér í „kvennamálum.“ Sjónir hennar hafa einkum beinst að kynferðismálum, enda er hún kvenfrelsari: „Ég er í Verkamannaflokknum, því ég er kvenfrelsari. Ég er í Verkamannaflokknum, því ég trúi á jafnrétti.“ Hún hefur t.d. barist fyrir innleiðingu alræmdrar „jafnréttislöggjafar,“ sem beinlínis beinist gegn körlum. Í því flest m.a. sú réttarbót, að karla skuli dæma fyrir morð á konum, jafnvel þótt af gáleysi hafi verið framið.

Síðustu tvær aldirnar eða svo hefur almenningur, stjórn málamenn, löggæsla og dómarnar horft mildum, skilningsríkum augum á morð kvenna á nýburum sínum og reyndar á ofbeldisglæpi þeirra yfirleitt. En Harriet Ruth þykir ekki nóg að gert. Nú vill hún leiða í lög rétt kvenna til að drepa meinta kvalara sína á heimavígstöðvunum. Þessi hugmynd hennar er rædd í alvöru á alvöruþjóðþingi af alvörufulltrúum alþýðu. Erin Pizzey, greinarhöfundur, kallar þetta leyfi til að drepa eins og hinn góðkenni, James Bond, hafði frá breskum stjórnvöldum. Þess má geta, að Erin stofnaði fyrsta kvennaathvarf samtímans.

Sumum kann að koma það á óvart, að virðulegt, lýðræðislegt þjóðþing skuli fjalla af alvöru um þá tillögu að veita konum rétt til að myrða meinta kúgara sína. En sé skyggst um öxl í sögu kvenfrelsunarhreyfingarinnar er þróunin skiljanleg og næsta „sjálfsögð.“ Ofbeldi og ofbeldisórar í garð karlanna og samfélags hafa verið áberandi. Ofbeldisórarinnar hafa einkum verið tengdir kynlífi eða kynlífsafbeldi af hálfu karla. Frumherjarnir Elisabeth Candy Stanton (1814-1902) og Susan B. Antony (1820-1906) voru logandi hræddar við nauðgun karla, sérstaklega þeirra þeldökku. Enda voru þær hlynntar dauðarefsingu fyrir þann glæp.

Rússnesk kynsystir þeirra, Vera Ivanovna Zasulich (1849-1919), var rússneskur byltingarsinni, kunn m.a. fyrir morðtilræði gegn borgarstjóra Sankti Pétursborgar, Fyodor F. Trepov árið 1877. Hún var fundin saklaus við réttarhöldin, en flýði, áður en réttað var í máli hennar aftur.

Öllu herskárri var þó baráttusystir Veru og landi, Alexe Popova (d. 1909) rússneskur baráttumaður kvenfrelsis. Um aldamótin 1900 stóð hún að morðum rétt um þrjú hundruð eiginkarla kvenna (líklega með bakstuðningi morðsveitar kvenna), sem töldu sig beittar „heimilisofbeldi.“ Þessi valkyrja tók lögin sem sé í eigin hendur (kann að vera fyrirmynd Harriet Rutar) og deyddi um þrjú hundruð meinta karlofbeldismenn.

Kvenkyns kosningaréttarbaráttumenn breskir frömdu einnig alls konar ofbeldi fyrstu áratugi tuttugustu aldarinnar. Í seinni fljóðbylgjum kvenfrelsunar (við eru stödd í þeirri fjórðu) hefur ofbeldi gegn körlum verið rauður þráður, meira að segja bollaleggingar um, hvornig megi koma þeim fyrir kattarnef, ýmist í móðurkviði eða utan hans, fækka þeim og kvengera. Það síðastnefnda hefur reyndar staðið yfir í áratugi. Svo það er um auðugan garð að gresja í þessu efni.

